



Fundur í æskulýðs- og tómstundanefnd Fimmtudaginn 30. september 2010, kl. 17:00

2. Fundur var haldin í æskulýðs- og tómstundanefnd Blönduóssbæjar í Félagsmiðstöðinni Skjólínu, fimmtudaginn 30. september 2010 kl. 17:00. Mæting samkvæmt undirskriftum. Formaður nefndarinnar, Hilmar Þór Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Bréf frá bæjarstjórn
2. Rannveig tómstundafulltrúi fer yfir starfsemi í Skjólínu.
3. Anna Kristín kynnir vinarbæjarheimsókn til Noregs í sumar.
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Foreldrar barna í grunnskólanum sendu bréf þar sem þau vildu benda á skilaboðin sem taka á móti börnunum í félagsmiðstöðinni Skjólínu. Þar stendur á einum veggnum stórum stöfum „verð að fá það“, „sex“, og $5+1=$ gaman. Allir voru sammála um það að það þarf að mála veggina upp á nýtt. Hugmyndin er að smala saman fólki til að mála veggina og krakkarnir fengu síðan að mála myndir á veggina undir eftirliti umsjónarmanns félagsmiðstöðvarinnar og myndmenntakennara. Magnús Valur er tilbúinn að gefa efni og vinnu til að mála yfir „listaverkin“ í félagsmiðstöðinni Skjólínu.
2. Rannveig tómstundafulltrúi fór yfir starfsemina í Skjólínu. Hún sagði frá opnunartíma Skjólinsins. Kynnti okkur menningarferð sem hún fór að skoða aðrar félagsmiðstöðvar. Og telur hún Skjólíð standa ágætlega með opnunartíma og afþreyingu miðað við þær félagsmiðstöðvar sem hún skoðaði. Húsgögnin í Skjólínu fannst Rannveigu vera ekki nógu góð samanborið við aðrar félagsmiðstöðvar. Einnig keypti hún playstation 3 tölvu fyrir Skjólíð. Einnig fór hún yfir dagskrá vetrarins.
3. Anna Kristín Davíðsdóttir kom og kynnti okkur ferð sína á vinarbæjarmót til Moss í Noregi nú í sumar. Ásamt henni fóru Guðbjörg Þorleifsdóttir, Brynhildur Una Björnsdóttir og Ágúst Þór Bragason. Næsta vinarbæjarmót á Blönduósi er áætlað að halda árið 2012. Anna Kristín taldi að tvær 16 ára stúlkur ættu ekki heima á þessu móti, þar sem flestir á þessu vinarbæjarmóti eru á aldrinum 18-25 ára, en tók fram að þær stóðu sig með þryði. Jafnframt taldi Anna Kristín að það þyrfti að endurskoða hvort hreinlega ætti að halda þessu áfram, þar sem kostnaðurinn er mikill. Telur nefndin að þetta þurfi að endurskoða sem fyrst.
4. Önnur mál, rætt var um að skátarnir yrðu virktir og verið er að vinna í því.

Fundargerð upplestin

Fundi slitið kl: 18:40

Hilmar Þór Hilmarsson
Magnús Valur Ómarsson
Valgerður Gísladóttir
Róbert Daníel Jónsson
Rannveig Rós Bjarnadóttir, tómstundafulltrúi
Anna Kristín Davíðsdóttir, Mossfari

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir